


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS		
Samþykkt:SHJ	PLV 434	
Síða 1 af 2	Vor 2013	

Kennari	Kristján Þ Kristinsson	Sk.st.	KÞK
----------------	------------------------	---------------	-----

Áfangalýsing:

Að áfanganum loknum eiga nemendur að geta smíðað eftir nákvæmum vinnuteikningum smíðagripi úr 5 –12 mm plötujárni og prófílum og notað til þess algengustu vélar til plötuvinnu s.s. vals, beyguvél, plötu- og prófílkippur. Ennfremur geta þeir skipulagt vinnu sína m.t.t. krafna um hagkvæmni, gæði, öryggi og umhverfi.

Markmið:

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **þekkja**:

- helstu efnisflokka smíðastáls
- helstu vélar og verkfæri sem notuð eru við plötusmíði
- algengustu skurðaraðferðir
- hve rétt vinnuröð við gerð smíðahluta er mikilvæg
- helstu aðferðir við réttingu á stáli
- öryggismál
- hlífðarbúnað sem við á þegar unnið er með vélum og verkfærum sem notuð eru við plötusmíðar
- varnir gegn hávaðamengun
- varnir gegn loftmengun
- hlífðarfatnað og hlífar

Að loknu námi í áfanganum eiga nemendur að **geta**:


- notað allar algengar málmsmíðavélar, verkfæri og hjálparbúnað sem þeim fylgja og geta beitt honum til nýsmíða úr plötum og prófílum
- framkvæmt málmsturð með gas- og plasmaskurðartækjum, framkvæmt skurð með málfraðvikum ± 1 mm
- rétt plötu- og stangarefni með algengum kald- og hitarétttingaraðferðum
- smíðað gripi úr plötum og prófílum eftir nákvæmum vinnuteikningum unnið efnislista út frá teikningum og verklýsingum

Námsgögn:

Ljósrit frá kennara úr ýmsum erlendum og íslenskum kennslubókum um plötusmíði. Málmsmíði. Kennslubók frá IÐNÚ. Útg.2011

Áætlun um yfirferð:

Óljóst er hvernig yfirferð verður háttáð en verklegi þátturinn vegur mun þyngra en sá bóklegi. Farið verður í bóklega þáttinn samhliða hinum verklega.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 08		
Dags.: 30.08 2011		
Höfundur: HRS	PLV 434 Vor 2013	
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 2		

Námslýsing, efnisatriði og kennsluhættir:

Að áfanganum loknum geta nemendur beitt helstu vélum og verkfærum sem notuð eru við stálsníði. Þeir þekkja helstu efniseiginleika stáls og geta smíðað hluti úr því eftir nákvæmum teikningum. Ennfremur geta nemendur skipulagt vinnu sína m.t.t. krafna um gæði, öryggi og umhverfi. Að áfanganum loknum eiga nemendur að geta smíðað eftir nákvæmum vinnuteikningum smíðagripum úr 3 –12 mm plötujárni og prófílum og notað til þess algengustu vélar til plötuvinnu s.s. vals, beyguvél, plötu- og prófílklippur.

Verkefni:

Nemendur fá teikningar af ýmsum smíðagripum og smíða eftir þeim. Nemendur gera einnig útflatninga af smíðagripum sem síðan er smíðaður frammi á verkstæði.

Námsmat og vægi námsþátta:

Námsmat	Lýsing	Vægi
Frammistaða á önn	Annarstarf og áfangapróf (vinnuáhugi, umgengni, umhirða tækja). <i>ATH: Mæti nemandi ekki í próf sem tekin eru á önninn. fær hann þann þátt ekki metinn til lokaeinkunnar.</i>	75%
Verklegt	Verklegt próf í lok áfangans.	25%
Leyfð hjálpargögn í prófi	Öll almenn og smíðatól og vélar til plötusníði (eins og tækjakostur býður upp á).	

Annað:

- Í upphafi tíma er gjarnan farið yfir verkefni dagsins og aðra mikilvæga þætti viðkomandi náminu. Það er því áriðandi að nemandi mæti á réttum tíma svo komast megi hjá óþarfa endurtekningum.
- Ef nemandi yfirgefur verkstæði áður en tiltekt lýkur eða tekur ekki þátt í frágangi fær hann F (fjarvist) fyrir síðustu kennslustund.
- Eins og fram kemur í markmiðum áfangans er lögð rík áhersla á að nemandi tileinki sér, öryggismál vinnustaðarins, stundvísi, snyrtimennsku, góða umgengni og almenna háttvísi. Með tilliti til þessara þátta er settur upp einn dagur á önn svokallaður “tuskudagur” þar sem hver áfangi tekur þátt í að þrifa vélar, tæki og verkstæði.

Dagsetning:

Undirritun kennara

Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils